

Greinargerð með tillögu að nýrri reglugerð um brennisteinstvíoxíð, köfnunarefnistvíoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu, um styrk ósons við yfirborð jarðar og upplýsingar til almennings.

Almennt um tilgang breytingarinnar

Megintilgangur þessarar reglugerðar er að innleiða ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins 2008/50 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu, og breytingatilskipunar 2015/1480. Það felur m.a. í sér að ríkari kröfur eru gerðar um miðlun upplýsinga til almennings og breytingar á viðmiðunarmörkum mengunarefna.

Reglugerðin fellir úr gildi reglugerð nr. 251/2002 um brennisteinsdíoxíð, köfnunarefnisdíoxíð og köfnunarefnisoxíð, bensen, kolsýring, svifryk og blý í andrúmsloftinu og upplýsingar til almennings og reglugerð nr. 745/2003 um styrk ósons við yfirborð jarðar.

Breytingar á umhverfismörkum

Gerðar er nokkar breytingar á gildandi umhverfismörkum og eru þær allar í átt að meira samræmi við reglur Evrópusambandsins. Hér verður gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar verða á umhverfismörkum.

Köfnunarefnistvíoxíð (NO₂) og köfnunarefnisoxíð (NO_x): Samkvæmt reglugerð nr. 251/2002 eru í gildi tvenns konar umhverfismörk fyrir eina klukkustund fyrir NO₂. Annarsvegar 110 µg/m³ og leyfilegt að fara yfir þau mörk 175 sinnum á ári og hins vegar 200µg/m³ og leyfilegt að fara yfir þau mörk 18 sinnum á ári.

110µg/m³ mörkin eru þau sömu og giltu skv. reglugerð nr. 793/1999 um köfnunarefnisdíoxíð í andrúmslofti sem var felld úr gildi með reglugerð nr. 288/2002 um breytingu á reglugerð nr. 254/2002 og um niðurfellingu reglugerða. 200µg/m³ mörkin, þau sömu og þá giltu í Evrópubandalaginu, voru tekin upp í reglugerð nr. 251/2002. Hins vegar voru gömlu klukkustundarmörkin, 110 µg/m³, einnig færð yfir í reglugerð 251/2002 þannig að þá voru í raun tvenns konar mörk í gildi fyrir klukkustund. Þetta hefur í gegnum tíðina valdið ýmiss konar ruglingi og það er ekki til að einfalda annars flóknar reglugerðir að hafa tvenns konar umhverfismörk í gildi fyrir sömu tímaeiningu fyrir sama mengunarefnið.

Í þeirri tillögu að nýrri reglugerð sem nú liggur fyrir eru 110 µg/m³ mörkin, sem leyfilegt var að fara yfir 175 sinnum á ári, felld út og eftir standa aðeins 200 µg/m³ mörkin sem leyfilegt er að fara yfir 18 sinnum á ári, en það eru þau mörk sem gilda alls staðar í Evrópusambandinu. Rétt er að taka fram að yfir hvorug mörkin hefur verið farið yfir hér á landi í eins mörg skipti og leyfilegt var.

Lagt er til að áfram verði í gildi sólarhringsmörk fyrir NO₂, 75µg/m³, og leyfilegt að fara yfir þau mörk 7 sinnum á ári, þó svo að þau sólarhringsmörk fyrir heilsuvernd manna séu ekki í reglum Evrópusambandsins. Einnig að heilsuverndarmörk fyrir ársmeðaltal NO₂ verði áfram 30µg/m³ þó svo að í Evrópureglum sé miðað við hærri tölu, eða 40 µg/m³. Einnig er lagt til að viðvörunarmörk fyrir NO₂ verði áfram 400 µg/m³ sem er sama viðmið og í Evrópureglum.

Lagt er til að gróðurverndarmörk fyrir NO_x verði áfram 30 µg/m³ sem einnig er sama viðmið og í Evrópureglum.

Kolsýringur (CO): Svipuð breyting er gerð á mörkum fyrir 8 stunda meðaltal eins og varðandi köfnunaefnistvíoxíð. Þegar ný mörk komu inn árið 2002 um að átta klukkustunda meðaltal mætti aldrei fara yfir $10\mu\text{g}/\text{m}^3$ voru gömlu mörkin einnig látin halda sér, þ.e. 8 klukkustunda meðaltal, $6\mu\text{g}/\text{m}^3$, sem fara má yfir 21 sinni á ári. Tvenns konar mörk um 8 klukkustunda meðaltal eru ekki til þess fallin að hafa skýrar reglur og því er lagt til að gömlu mörkin felld niður. Heilsuverndarmörk fyrir hverja klukkustund verða áfram í gildi.

Svifryk (PM₁₀): Í nógildandi reglugerð nr. 251/2002 eru sólarhringsmörk fyrir svifryk (PM₁₀) $50\mu\text{g}/\text{m}^3$ og leyfilegt að fara yfir þau mörk 7 sinnum á ári. Þegar sú reglugerð var sett árið 2002 var í byrjun leyfilegt að fara yfir mörkin 35 sinnum á ári en í reglugerðinni voru hins vegar ákvæði sem tröppuðu niður í nokkrum skrefum þau skipti sem leyfilegt var að fara yfir mörkin og takmarkið var að eftir 1. janúar 2010 yrði ekki leyfilegt að fara oftari yfir mörkin en 7 sinnum á ári. Einnig voru heilsuverndarmörk fyrir ársmeðaltal lækkuð í sambærilegum skrefum, úr $40\mu\text{g}/\text{m}^3$ frá árinu 2002 niður í $20\mu\text{g}/\text{m}^3$ árið 2010. Þetta var gert í samræmi við þágildandi evrópska loftgæðatilskipun nr. 1999/30/EB. Reynslan í Evrópu leiddi hins vegar í ljós að þessi þrenging á mörkum var talin óraunhæf og með tilskipun 2008/50/EB var horfið frá þessum mörkum og farið til baka í upphaflegu mörkin þ.e. að leyfilegt væri að fara 35 sinnum á ári yfir sólarhringsmörkin og mörkin fyrir ársmeðaltal voru hækkuð aftur úr $20\mu\text{g}/\text{m}^3$ upp í $40\mu\text{g}/\text{m}^3$. Öll lönd í Evrópu, nema Ísland, sem höfðu tekið upp mörkin úr tilskipun nr. 1999/30/EB breyttu sínum mörkum til baka til samræmis við nýja tilskipun 2008/50/EB. Á móti þessari hækkun á mörkum fyrir PM₁₀ voru hins vegar sett inn mörk fyrir fínt svifryk, PM_{2,5}, en ekki höfðu áður verið í gildi sérstök mörk fyrir fínt svifryk. Rökin fyrir því að setja inn sérstök mörk fyrir fínt svifryk voru þau að talið var að heilsufarsáhrif fíns svifryk væru í raun meiri en grófa svifryksins og því meiri ástæða til ná árangri í lækun fíns svifryks, þó svo að leyfilegur styrkur grófa svifryksins væri færður aftur til baka í fyrri mörk.

Hér í þessum tillögum að nýrri reglugerð er því lagt til að Ísland fari sömu leið og önnur ríki í Evrópu og hækki aftur mörk fyrir gróft svifryk en á móti komi mörk fyrir fínt svifryk. Í tillögunni er þó lagt til að mörkin fyrir fínt svifryk fari strax við gildistöku reglugerðar í $20\mu\text{g}/\text{m}^3$ en ekki $25\mu\text{g}/\text{m}^3$ eins og í gildi er í Evrópu eins og er. Í Evrópu er stefnt að því að mörkin lækki í $20\mu\text{g}/\text{m}^3$ árið 2020 en þau mörk verða þá látin taka gildi strax á Íslandi.

Brennisteinstvíoxíð (SO₂): Engin breyting verður á þeim mörkum sem í gildi eru vegna heilsuverndar manna. Klukku tímamörk verða áfram $350\mu\text{g}/\text{m}^3$, leyfilegt að fara yfir þau 24 sinnum á ári, sólarhringsmörk verða áfram $125\mu\text{g}/\text{m}^3$, leyfilegt að fara yfir þau 3 sinnum á ári og viðvörunarmörk verða áfram $500\mu\text{g}/\text{m}^3$. Þessi mörk eru í samræmi við tilskipun 2008/50/EB.

Gróðuverndarmörk fyrir ár og vetur (1. október - 31. mars) verða áfram $20\mu\text{g}/\text{m}^3$. Hins vegar er lagt til að fella út gróðurverndarmörk fyrir sólarhring sem eru $50\mu\text{g}/\text{m}^3$ og leyfilegt að fara yfir 7 sinnum á ári. Gróðurverndarmörk fyrir sólarhring eru í raun orðin séríslensk og hvergi í gildi annars staðar í Evrópu. Svipuð mörk voru í gildi á sumum Norðurlandanna fyrir um tveimur áratugum en voru felld niður þegar mörk voru samræmd við það sem gerist annars staðar í Evrópu. Í Evrópu eru því aðeins notuð ársmörk og vetrarmörk til að ná markmiðum um gróðurvernd, en ekki sólarhringsmörk. Til eru viðmiðunarmörk fyrir gróðurvernd sem byggjast á sólarhringsmörkum en þau hafa ekki verið tekin upp af stjórnvöldum í neinu Evrópuríki en það er mörk frá International Union of Forest Research

Organizations (IUFRO), alþjóðlegum samtökum skógfræðinga sem eru frjáls félagasamtök og ekki rekin í hagnaðarskyni, sjá <http://www.iufro.org/>.

Samtökin hafa sett fram tvenns konar viðmið þar sem stuðst er við sólarhringsmeðaltal sem gróðurverndarviðmið. Annars vegar $100\mu\text{g}/\text{m}^3$, sem leyfilegt er að fara yfir 24 sinni á ári, og samtökin telja að veiti fulla vernd á flestum svæðum. Hins vegar hafa samtökin sett fram strangari mörk sem þau telja að nægi til gróðurverndar á sérlega viðkvæmum stöðum. Þau mörk eru $50\mu\text{g}/\text{m}^3$ eins og íslensku mörkin, en hins vegar er leyfilegt að fara yfir mörk IUFRO 24 sinnum á ári (þó ekki oftar en 12 sinnum á hverjum 6 mánuðum) meðan aðeins er leyfilegt að fara yfir íslensku mörkin 7 sinnum á ári. Séríslensku mörkin eru því í raun strangari en bæði þau mörk sem IUFRO setur fram, þ.e. mörk fyrir flest svæði og mörk fyrir sérlega viðkvæm svæði. Það er því erfitt að færa rök fyrir því að þörf sé á jafn þröngum mörkum til gróðurvendar eins og nú eru í gildi. Því er lagt til að gróðuverndarmörk fyrir SO_2 verði þau sömu og í tilskipun 2008/50/EB, eða $20\mu\text{g}/\text{m}^3$.

Bensen, blý og óson: Mörk fyrir bensen, blý og óson breytast ekki.